



Ársskýrsla
2008



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársskýrsla **2008**



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Afkoma	5
Lífeyrir	6
Iðgjöld	7
Breytingar á lögum um lífeyrissjóði	8
Verðbréfavíðskipti og lánveitingar	10
Niðurfærsla skuldabréfa	10
Erlend verðbréf	11
Staða gjaldmiðlavarnarsamninga	11
Innlend hlutabréf	12
Staða sjóðsins í ljósi umbrota í efnahagslífinu	12
Verðbréfaeign	13
Lán til sjóðfélaga	14
Úrræði vegna greiðsluferðleika	15
Tryggingafræðileg staða	16
Próun ævilengdar	16
Séreignardeild	17
Ný innlánsleið	17
Fjárfestingastefna	18
Hluthafastefna	20
Stjórn	21
Starfsmenn	22

Ársreikningur

Áritun óháðs endurskoðanda	25
Skýrsla um starfsemi sjóðsins	26
Áritun stjórnar og forstjóra	27
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	28
Efnahagsreikningur	29
Sjóðstreymi	30
Skýringar	31
Kennitölur	38
Deildaskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	40
Deildaskiptur efnahagsreikningur	41
Deildaskipt yfirlit um sjóðstreymi	42

Annual Report

Independent Auditor's Report	45
Report of the Board of Directors	46
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	48
Balance Sheet	49
Statement of Cash Flows	50
Financial Indicators	51

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2008 var ár áfalla á fjármálamörkuðum innanlands og erlendis. Þrátt fyrir fall viðskiptabankanna og verðfall á eignum hefur þó náðst að verja meginhluta af eignasafni sjóðsins. Þannig námu eignir 249 milljörðum í árslok 2008 samanborið við 269 milljarða árið áður. Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,8% sem samsvarar 24,2% neikvæðri raunávöxtun. Hins vegar er hrein raunávöxtun til lengri tíma jákvæð hvort sem litið er til fimm, tíu eða tuttugu ára tímabils. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 2,3% og síðustu tíu ára 3,2%. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu tuttugu árin er 5,0%.

Á liðnu ári var lögð áhersla á að draga úr vægi innlendra hlutabréfa og auka að sama skapi vægi innlendra skuldabréfa, einkum ríkistryggðra bréfa. Þá var horft til þess að selja fyrirtækjaskuldabréf eftir því sem kostur var. Þannig námu kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu 13,6 milljörðum kr. á sama tíma og sala innlendra hlutabréfa umfram kaup nam 6,0 milljörðum kr. Einnig var dregið verulega úr vægi erlendra verðbréfa vegna þróunar á mörkuðum erlendis og nam sala erlendra verðbréfa umfram kaup 13,6 milljörðum.

Við fall viðskiptabankanna þriggja í byrjun október urðu hlutabréf í bönkunum verðlaus sem hafði afgerandi áhrif á afkomu sjóðsins. Óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur einnig haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni. Eftir sem áður er meginhluti eigna lífeyrissjóðsins í traustum verðbréfum sem munu halda verðgildi sínu og bera góða ávöxtun til framtíðar. Sjóðurinn átti ekki óveðtryggð skuldabréf/víxla nokkurra fyrirtækja sem átt hafa í erfiðleikum t.d. Stoða, Landic Property, Nýsis, Milestone, Baugs, Teymis, 365, Kögun, Mosaic Fashions og Atorku. Skuldabréf eftirtaldrá útgefenda, í eigu sjóðsins, voru til varúðar færð niður að hluta og/eða öllu leyti; Exista, FI Group, Samson og Eimskip. Ekki var talin ástæða til að færa varúðarafskriftir vegna skuldabréfa eftirtalinnna útgefenda; Skipti (Síminn), Tryggingamiðstöðin, Landsvirkjun, RARIK, Alfesca, Bakkvör, Orkuveita Reykjavíkur og HB Grandi.

Sjóðurinn hefur frá árinu 2001 verið í viðskiptum við innlenda banka vegna gjaldmiðlavarnarsamninga, í þeim tilgangi að draga úr áhættu gagnvart íslensku krónunni. Lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og markmiðið með gjaldmiðlavarnarsamningum er að draga úr þeirri áhættu að erlendar eignir lækki í íslenskum krónum ef krónan styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Við fall bankanna í október 2008 hrundi gengi krónunnar og algjör markaðsbrestur myndaðist á gjaldeyrismarkaði því viðskiptabankarnir þrír gátu ekki lengur sinnt viðskiptavakt með krónuna. Lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem höfðu gert gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana gátu því ekki lokað samningunum

eða gert ráðstafandir til að draga úr tapi þeirra. Gert er ráð fyrir því í reikningum sjóðsins að þeim verði skuldajafnað á móti kröfum sjóðsins við bankana.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins um sl. áramót var neikvæð um 7,2% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um. Eignir samanborið við áfallnar skuldbindingar voru neikvæðar um 9,8%. Vegna sterkrar stöðu lífeyrissjóðsins fyrir fjármálakreppuna og virkrar dreifingar eigna ákvað stjórn sjóðsins að halda lífeyrisgreiðslum og réttindum óbreyttum frá síðustu áramótum í þeirri von að úr rætist á verðbréfamörkuðum á þessu ári.

Fjármálakreppan hefur því ekki leitt til lækkunar lífeyrisréttinda og er það mat stjórnenda sjóðsins að hægt verði að vinna til baka eignafall sjóðsins á næstu árum. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga lífeyrissjóðsins er hagstæður eða aðeins tæp 35 ár. Þannig hefur sjóðurinn möguleika til þess að nýta sér kosti hagstæðrar aldurs-samsetningar til að hámarka arðsemi hans á komandi árum og áratugum. Hafa þarf í huga að einungis 30% af iðgjöldum ársins eru greidd út í formi lífeyris og því mun lífeyrissjóðurinn halda áfram að vaxa á komandi áratugum. Sjóðurinn hefur sýnt aðra hæstu ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða til margra ára sem hefur gert honum kleift að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga um 21,1% umfram verðlagsbreytingar frá árinu 1997.

Aukið atvinnuleysi og margvíslegir erfiðleikar í þjóðfélaginu hefur leitt til þess að vanskil hafa aukist. Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sem eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum hjá sjóðnum upp á margvísleg úrræði. Mál hvers og eins eru yfirfarin og metin og leitast er við að aðstoða lántakendur með tilliti til aðstæðna. Þannig er lánum skuldbreytt eftir því sem aðstæður þjóða, þau lengd og boðið upp á að greiða eingöngu vexti í tiltekinn tíma. Í sumum tilvikum getur hentað lántakendum að óska eftir greiðslujöfnun.

Í kjölfar fjármálakreppunnar er óvissa um hver afkoma sjóðsins sem og annarra lífeyrissjóða verður á árinu 2009. Ennfremur er bagaleg sú réttarlega óvissa sem ríkir um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðanna. En núverandi staða felur jafnframt í sér tækifæri fyrir lífeyrissjóðinn þar sem mögulegt er að fjárfesta í verðbréfum til lengri tíma á hagstæðu verði.

Fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins flyt ég starfsmönnum hans og sjóðfélögum þakkar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Gunnar P. Pálsson
stjórnarformaður

Afkoma

Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,7% sem samsvarar 24,1% neikvæðri raunávöxtun. Ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var neikvæð um 11,8% sem samsvarar 24,2% neikvæðri raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 2,3% og síðustu tíu ára 3,2%. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu tuttugu árin er 5,0% þrátt fyrir að árið 2008 er versta ár á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum í marga áratugi.

Taflan sýnir þróun ávöxtunar sjóðsins undanfarin 5 ár.

Ávöxtun

	2008	2007	2006	2005	2004
Hrein raunávöxtun	-24,1%	1,1%	12,7%	16,1%	12,0%
Fimm ára meðalávöxtun	2,3%	10,6%	9,8%	7,0%	4,1%
Tíu ára meðalávöxtun	3,2%	6,9%	7,8%	7,3%	6,4%

Langtímaávöxtun

Lífeyrissparnaður er langtímasparnaður. Í því felst það tækifæri að hægt er að fjárfesta í verðbréfum sem sveiflast í verði en gefa góða ávöxtun til lengri tíma litið. Sagan segir að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem taka á sig sveiflur.

Á árinu 2008 var ávöxtun sjóðsins eins og flestra annarra lífeyrissjóða afar lág vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar og bankahrunsins á Íslandi. Neikvæð ávöxtun ársins hafði einnig áhrif á langtímaávöxtun sjóðsins.

Langtímaávöxtunin fyrir fjármálakreppuna, þ.e. á árunum 1989 til 2007 var að meðaltali 6,8% á ári. Ávöxtun ársins 2008 lækkaði langtímaávöxtun sjóðsins á árunum 1989 til 2008 úr 6,8% í 5,0%. Þrátt fyrir það er tuttugu ára meðalraunávöxtun sjóðsins vel yfir þeirri 3,5% raunávöxtun sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóðanna.


Samanburður við erlenda lífeyrissjóði

Fjármálakreppan hefur haft neikvæð áhrif á ávöxtun lífeyrissjóða um allan heim. Erlend hlutabréf féllu að jafnaði um 40 til 50% á liðnu ári og heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 43%. Efnahagshrunið var umfangsmeira hér á landi en í flestum löndum og hafði það afgerandi áhrif á afkomu íslenskra lífeyrissjóða. Þannig lækkaði úrvals-vísitala hlutabréfa um 94% á síðasta ári, mest við fall bankanna í október og hafa lífeyrissjóðirnir einnig þurft að færa niður skuldabréfeignir sínar í íslenskum bönkum og fyrirtækjum vegna fjármálakreppunnar.

Íslenskir lífeyrissjóðir skiluðu að meðaltali 21,5% neikvæðri raunávöxtun á liðnu ári, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Margir erlendir lífeyrissjóðir skiluðu lakari ávöxtun en þeir íslensku þrátt fyrir að efnahagshrunið hér á landi væri umfangsmeira heldur en í flestum löndum. Meðalávöxtun lífeyrissjóða í OECD ríkjunum var neikvæð um 20% á fyrstu tíu mánuðum ársins 2008 sem samsvarar 22% neikvæðri raunávöxtun. Í Bandaríkjunum og á Írlandi var meðalraunávöxtun lífeyrissjóða að meðaltali lægri en ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 4.836 milljónum og hækkuðu um 17,2% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 8.662 og fjölgaði þeim um 6,9%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka breytingum vísitölu neysluverðs.

Á liðnu ári hófu 613 sjóðfélagar töku ellilífeyris en árið áður 431 sjóðfélagi. Þar af voru 334 eða 55% lífeyrisþega sem hófu töku við 67 ára aldur. Lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum nam 29,4% á árinu 2008 samanborið við 27,1% árið áður.


21% hækkun lífeyrisréttinda frá 1997

Áunninn lífeyrisréttindi og greiðslur til lífeyrisþega voru hækkaðar um 4% umfram verðlagsbreytingar frá 1. janúar 2006 og um 7% frá 1. janúar 2007. Á síðustu tólf árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindin og lífeyrisgreiðslur um 21,1% umfram almennar verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs en réttindaávinnslan var fyrst hækkuð um 11,8% árið 1997.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Í árslok 2008 voru lífeyrisþegar alls 8.662 samanborið við 4.072 lífeyrisþega í árslok 1998 og hefur fjöldinn því rúmlega tvöfaldast á einum áratug. Á þessu tímabili hefur lífeyrisþegum fjölgað að meðaltali um 7,8% á ári og lífeyrisgreiðslurnar á verðlagi í árslok 2008 um 8,3% á ári.

Fjöldi lífeyrisþega



Fjöldi lífeyrisþega

	2008	2007	Breyting %
Ellilífeyrir	4.844	4.445	9,0
Örorkulífeyrir	2.126	2.012	5,7
Makalífeyrir	1.135	1.093	3,8
Barnalífeyrir	557	553	0,7
Samtals	8.662	8.103	6,9

Lífeyrisgreiðslur

í milljónum kr.


	2008	2007	Breyting %
Ellilífeyrir	3.019	2.529	19,4
Örorkulífeyrir	1.289	1.127	14,4
Makalífeyrir	430	381	12,9
Barnalífeyrir	98	89	10,1
Samtals	4.836	4.126	17,2

Skipting lífeyrisgreiðslna

	2008	2007
Ellilífeyrir	62,4%	61,3%
Örorkulífeyrir	26,6%	27,3%
Makalífeyrir	9,0%	9,2%
Barnalífeyrir	2,0%	2,2%

Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 16.334 mkr. samanborið við 14.909 mkr. árið 2007 sem er aukning um 9,6%. Alls greiddu 51.325 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins og þar af voru 33.120 sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu iðgjöldum vegna starfsmanna sinna var 7.234.

Iðgjöld og fjöldi greiðenda

	2008	2007	Breyting %
Iðgjöld í milljónum	16.334	14.909	9,6
Heildarfjöldi sjóðfélaga	51.325	51.512	-0,4
Meðalfjöldi sjóðfélaga	33.120	32.971	0,5
Fjöldi launagreiðenda	7.234	7.252	-0,2

Sjóðfélagar

Launþegar sem eru félagar í VR eiga aðild að sjóðnum. Aðild eiga jafnframt félagar í öðrum samtökum verslunarmanna og þeir sem byggja starfskjör sín á kjarasamningi VR eða starfa á starfssviði sjóðsins. Öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur er skylt samkvæmt lögum að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Á grundvelli þess eiga ýmsir launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur valkvæða aðild að sjóðnum.

Eftir því sem iðgjald til lífeyrissjóðsins er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærri. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald, enda aflar hann sér ekki frekari lífeyrisréttinda eftir þann tíma.


Aldursskipting sjóðfélaga

Taflan sýnir aldursskiptingu greiðandi sjóðfélaga en um 44% þeirra er undir 30 ára aldri og er meðalaldur þeirra einungis tæp 35 ár.

Aldursskipting sjóðfélaga


Aldur	Hlutfall %
16 – 19	14,3
20 – 29	29,4
30 – 39	21,6
40 – 49	17,3
50 – 59	11,9
60 – 69	5,5

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



Iðgjöld

í milljónum króna



Breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Í desember sl. samþykkti Alþingi breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Meðal breytinga sem varða sjóðfélaga beint er að reglur um útgreiðslu lífeyrissparnaðar úr séreign hafa verið rýmkaðar og er nú hægt að taka sparnaðinn út í eingreiðslu frá 60 ára aldri í stað sjö ára áður. Þá er nú einnig heimilt að greiða sparnaðinn í eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Útgreiðsla lífeyrissparnaðar í séreign og uppsagnarfrestur

Nú er heimilt að greiða lífeyrissparnað í séreign út í eingreiðslu þegar réttthafi er orðinn 60 ára. Eldri regla um að henni skuli dreifa yfir tiltekinn tíma þar til sjóðfélagi hefur náð 67 ára aldri á því ekki lengur við. Þá er nú einnig heimilt að greiða lífeyrissparnaðinn út í eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Reglur eru óbreyttar varðandi útgreiðslu vegna örorku, þ.e. dreifa þarf greiðslum á sjö ár m.v. 100% orkutap og yfir lengri tíma ef orkutap er minna.

Uppsagnarfrestur vegna samninga um lífeyrissparnað í séreign var stytur úr sex mánuðum í tvo mánuði.

Rafræn yfirlit

Lífeyrissjóðum er nú heimilt að senda yfirlit vegna iðgjaldsgreiðslna og lífeyrisréttinda með rafrænum hætti ef sjóðfélagi óskar þess.

Endurgreiðsla lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara

Heimilt er að endurgreiða lífeyrissparnað í séreign til allra erlendra ríkisborgara sem flytja úr landi.

Reglur um endurgreiðslu iðgjalda vegna lögbundins framlags til öflunar lífeyrisréttinda er óbreytt þ.e. skv. EES-samningnum er endurgreiðsla óheimil til ríkisborgara EES-ríkjanna.

Upphaf tóku ellilífeyris úr samtryggingardeild

Lífeyrissjóðir geta, með því að breyta samþykktum sínum, boðið sjóðfélögum að hefja tóku ellilífeyris frá 60 ára aldri. Þá er afnumin takmörkun á því hve lengi sjóðfélagi getur frestað að hefja tóku ellilífeyris. Þessi lagabreyting hefur þó ekki bein áhrif á Lífeyrissjóð verzlunarmanna nema sjóðurinn ákveði að breyta samþykktum sínum.

Samningar hjóna um gagnkvæma skiptingu lífeyrisgreiðslna

Nú geta hjón gert samning um gagnkvæma skiptingu uppsafnaðra lífeyrisréttinda fram að 65 ára aldri, en áður var miðað við að slíka samninga þyrfti að gera í síðasta lagi sjö árum áður en taka lífeyris gæti fyrst hafist.

Forsendur tryggingafræðilegrar úttektar

Samkvæmt gildandi lögum má munur á milli hreinnar eignar lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris, ásamt núvirði framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda, að hámarki vera 10% vegna eins árs en 5% yfir fimm ára tímabil. Að öðrum kosti þarf að auka eða skerða réttindi. Þessi viðmið eru hækkuð með bráðabirgðaákvæði úr 10% í 15% og 5% í 10% vegna ársins 2009.

Reglur er varða rekstur lífeyrissjóða

Innra eftirlit: Lögfest er ákvæði sem mælir fyrir um að stjórn lífeyrissjóðs skuli móta innra eftirlit lífeyrissjóðs og skjalfesta eftirlitsferla.

Þá er mælt fyrir um að sá aðili sem sinnir innra eftirliti (endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili) skuli jafnframt því að annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits, gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innri endurskoðunar en áður var þar mælt fyrir um að gera skyldi tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits.

Hæfi stjórnarmanna: Til viðbótar gildandi ákvæðum um hæfisskilyrði stjórnarmanna er bætt ákvæði um að þeir skuli búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gengt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Hæfi starfsmanns sem sinnir eignastýringu: Til viðbótar þeim kröfum í lögum um að lífeyrissjóður skuli hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu er bætt við ákvæði um að starfsmaðurinn skuli hafa staðist próf í verðbréfiðskiptum sbr. 53. gr. laga um verðbréfiðskipti. Ákvæði þetta tekur gildi 1. janúar 2011.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Sveitarfélög: Til viðbótar við heimild til fjárfestinga í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga var bætt við heimild til fjárfestinga í skuldabréfum og víxlum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Óskráð verðbréf: Heimild til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum var hækkuð úr 10% í 20%.

Takmörkun á útgefendaáhættu: Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum, öðrum en ríkistryggðum bréfum, útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins. Til viðbótar þessum takmörkunum er nú bætt inn ákvæði um að takmörkunin nái einnig til tengdra aðila, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

Takmarkanir á fjárfestingum í verðbréfasjóðum: Mælt er fyrir um að lífeyrissjóði eða einstakri deild hans sé óheimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.

Takmarkanir á gildissviði 36. gr. laganna.: Við 36. gr. bætist nýtt ákvæði sem mælir fyrir um að greinin nái ekki til séreignardeilda lífeyrissjóða. Í stað þess kemur inn ný grein, 36. a, sem þó tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010.

Nýjar fjárfestingarreglur fyrir lífeyrissparnað í séreign: Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2010. Þær eru mun rýmri en gildandi ákvæði 36. gr. laganna. Þá gilda þær fyrir alla vörsluaðila lífeyrissparnaðar, þ.e. fyrir banka, sparissjóði, verðbréfafyrirtæki og líftryggingarfélög, auk lífeyrissjóða.

Helstu takmarkanir lúta að takmörkun á fjárfestingum í óskráðum verðbréfum (20%), takmörkun áhættu á hvern útgefanda (20%), takmörkun á fjárfestingum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sem og fjárfestingum í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags (30%), banni við fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, hámarki á hlutabréfaeign (70%) og takmörkunum á gerð afleiðusamninga (10%).

Fjárfestingar í samlagshlutafélögum: Lögfest er heimild fyrir lífeyrissjóði til að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum. Heimildin er tímabundinn og nær til ársloka 2013. Henni er fyrst og fremst ætlað að gera lífeyrissjóðum kleift að koma á fót fjárfestingarsjóði sem hefði það hlutverk að fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum innlendra fyrirtækja.

Tímabundin heimild til úttekta lífeyrissparnaðar úr séreign

Í mars sl. samþykkti Alþingi síðan breytingar á lögum um lífeyrissjóði er heimilar sjóðfélögum yngri en 60 ára að sækja um tímabundna útgreiðslu á séreignarsparnaði sínum. Helstu ákvæði lagana eru eftirfarandi:

Heimilt er að greiða út allt að 1.000.000 kr. á níu mánuðum eða 111.111 kr. á mánuði til sjóðfélaga.

Greiddur er tekjuskattur af fjárhæðinni.

Mánaðarleg útborgun eftir skatt er 69.778 kr.

Eingöngu er heimilt að taka út hjá einum vörsluaðila í einu.

Vörsluaðilar þurfa samþykki ríkisskattstjóra áður en útgreiðsla getur hafist.

Útgreiðslur séreignarsparnaðar skulu hefjast eigi síðar en einum mánuði eftir að fullnægjandi umsókn berst vörsluaðila og greiðist mánaðarlega.

Sjóðfélagi getur afturkallað beiðni um útborgun.

Heimildin gildir frá gildistöku laganna í mars 2009 til 1. október 2010.

Verðbréfavíðskipti og lánveitingar

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 38.069 milljónum til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 43.234 milljónir. Sala verðbréfa umfram kaup nam því 5.165 milljónum.

Lánveitingar til sjóðfélaga og önnur fasteignaveðtryggð lán námu 5.942 milljónum og kaup íbúðabréfa námu 7.222 milljónum. Keypt voru markaðsverðbréf banka og sparisjóða fyrir 2.090 milljónir, fyrirtækja 348 milljónir og til sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga 949 milljónir. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 2.145 milljónir.

Verðbréfavíðskipti 2008

í milljónum kr.

	Kaup	Sala	Kaup – sala
Veðskuldabréf	5.942	0	5.942
Íbúðabréf	7.222	1.845	5.377
Bankar og sparisjóðir	2.090	300	1.790
Fyrirtæki	348	0	348
Sveitarfélög og Lánasj. sveitarfélaga	949	0	949
Innlend hlutabréf	15.169	21.166	-5.997
Erlend verðbréf	6.349	19.923	-13.574
Samtals	38.069	43.234	-5.165

Kaup innlendra hlutabréfa námu 15.169 milljónum en seld voru hlutabréf fyrir 21.166 milljónir. Þannig nam sala hlutabréfa 5.997 milljónum umfram kaup. Kaup erlendra verðbréfa námu 6.349 milljónum en sala 19.923 milljónum og nam því sala erlendra verðbréfa 13.574 milljónum umfram kaup.

Niðurfærsla skuldabréfa

Hrun víðskiptabankanna í október 2008 og óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeign sjóðsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við lífeyrissjóðina að þeir samræmdu niðurfærslu á skuldabréfaeign sjóðanna í ársuppgjöri vegna liðins árs en sjóðirnir lúta sem aðrar fjármálastofnanir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Í samræmi við það, færði sjóðurinn við ársuppgjörið varúðarfærslu vegna skuldabréfa í kjölfar hruns fjármálakerfisins samtals að fjárhæð 9,9 milljarðar. Þar af voru 4,3 milljarðar vegna skuldabréfa banka og sparisjóða og 5,6 milljarðar vegna skuldabréfa fyrirtækja.

Lífeyrissjóðurinn átti ekki óveðtryggð skuldabréf eða víxla eftirtalinna fyrirtækja sem hafa átt í erfiðleikum

í kjölfar fjármálakreppunnar: Stoðir (fasteignafélag), Landic Property, Nýsir, Milestone, Egla, Baugur, Teymi, 365, Kögun, Mosaic Fashions og Atorka. Skuldabréf eftirtalinna útgefenda, í eigu sjóðsins, voru til varúðar færð niður að hluta eða að öllu leyti: Exista um 60%, FI Group um 90%, Samson um 95% og Eimskip um 60%. Ekki var talin ástæða til að færa varúðarafskriftir vegna skuldabréfa eftirtalinna útgefenda: Skipti (Síminn), Tryggingamiðstöðin, Landsvirkjun, RARIK, Alfesca, Bakkavör, Orkuveita Reykjavíkur og HB Grandi.

Þar sem erlend skuldabréfaeign sjóðsins er óveruleg og alfarið í hlutdeildarskirteinum í skuldabréfasjóði sem fjárfestir í ríkisskuldabréfum, er ekki þörf á varúðarafskriftum vegna þeirra.

Frá áramótum hafa síðan Straumur, Sparisjóðabankinn og SPRON fallið. Áætluð áhrif þess á lífeyrissjóðinn er að tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar um 1,6% eða úr -7,2% í -8,8%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því áfram innan lögbundinna vikmarka.

Erlend verðbréf

Staðan á erlendum fjármálamörkuðum var afar erfið á liðnu ári. Þannig lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 42,3% í dollurum, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Á móti veiktist íslenska krónan gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 44,5%.

Erlend verðbréfavíðskipti námu 26,2 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í erlendum verðbréfum fyrir 6,3 milljarða og seldi erlend verðbréf fyrir 19,9 milljarða. Erlend verðbréfaeign um sl. áramót nam 87,3 milljörðum eða 33,3% af verðbréfaeign. Af erlendu verðbréfaeigninni eru 4,5 milljarðar í skuldabréfasjóðum.

Erlend verðbréfaeign í árslok

	2008	2007
Eign í milljónum kr.	87.307	84.398
Hlutfall af verðbréfaeign	33,3%	31,7%

Nánari sundurliðun á erlendu verðbréfaeigninni í árslok má sjá í ársskýrslunni á bls. 35.

Áhættudreifing

Sjóðurinn hefur frá árinu 1994 flutt fé úr íslenska hagkerfinu til fjárfestinga í alþjóðlegum verðbréfasöfnum til að dreifa landaáhættu í eignasafninu og dreifa áhættu á einstaka skuldara eða útgefendur hlutafjár. Ríflega aldarlóng reynsla af alþjóðlega dreifðum fjárfestingum hefur sýnt að til lengdar litið skila erlend hlutabréf góðri ávöxtun. Þá er mikilvægt að hafa í huga að þeir fjármunir sem sjóðurinn er að ávaxta á erlendum fjármálamörkuðum þarf ekki að færa aftur til Íslands til lífeyrsgreiðslna fyrr en að allmörgum áratugum liðnum. Þannig hefur sjóðurinn alla möguleika til þess að selja erlendu fjárfestinguna einhvern tíma í framtíðinni þegar best hentar sjóðfélögunum, bæði með tilliti til stöðu á erlendum fjármálamörkuðum og jafnframt með tilliti til stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga

Sjóðurinn hefur frá árinu 2001 verið í viðskiptum við innlenda banka vegna gjaldmiðlavarnarsamninga, í þeim tilgangi að draga úr áhættu vegna misvægis á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvísitölu íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og markmiðið með gjaldmiðlavarnarsamningum er að draga úr þeirri áhættu að erlendar eignir sjóðsins lækki í íslenskum krónum ef krónan styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Eftir fall Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í október 2008 hrundi gengi íslensku krónunnar og algjör markaðsbrestur myndaðist á gjaldeyrismarkaði því viðskiptabankarnir þrír gátu ekki lengur sinnt viðskiptavakt með krónuna. Lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem höfðu gert gjaldmiðlavarnarsamninga við banka gátu því ekki lokað samningunum eða gert ráðstafandir til að draga úr tapi þeirra.

Í tengslum við fall viðskiptabankanna og markaðsbrest á gjaldeyrismarkaði, telur sjóðurinn að forsendur þessara samninga hafi brostið og byggir þar m.a. á ytri

og innri sérfræðiálitum. Sjóðurinn hefur ásamt öðrum lífeyrissjóðum lagt fram tilboð til skilanefnda viðskiptabankanna um uppgjör samninganna byggt á forsendum fyrrgreindra sérfræðiálita og er nettóskuld sjóðsins í árslok 2008 metin á 15.674 mkr. og er sú fjárhæð færð í efnahagsreikninginn undir liðnum skuldir. Sjóðurinn telur að framangreint mat á áhrifum samninganna sé byggt á bestu vitneskju, miðað við stöðu við gerð ársreikningsins en bendir á óvissu um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Líklegt er að málið verði útkljáð fyrir dómstólum fallist viðkomandi viðskiptabankar ekki á rök sjóðsins í málinu. Mikið starf hefur verið unnið á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða til að ná ásættanlegri niðurstöðu um uppgjör samninganna fyrir hönd lífeyrissjóðanna.

Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn gert ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum og öðrum kröfum gagnvart þeim viðskiptabönkum sem kröfur eiga á sjóðinn vegna skuldastöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga.

Innlend hlutabréf

Próun hlutabréfaverðs 2008

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar var í stöðugu lækkunarferli á fyrstu níu mánuðum ársins og hafði vísitalan þá lækkað um 32% frá áramótum. Við fall viðskiptabankanna þriggja í byrjun október urðu hlutabréf í bönkunum verðlaus sem hafði afgerandi áhrif á afkomu sjóðsins. Óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hafði í för með sér afskriftir á stórum hluta innlestrar hlutabréfaeignar sjóðsins.

Tjón sjóðsins og annarra lífeyrissjóða er mikið vegna hruns fjármálakerfisins. Engu að síður er rétt að halda til haga að innlenda hlutabréfasafn sjóðsins sýndi 19,5% árlega raunávöxtun yfir 28 ára tímabil til ársloka 2007. Eftir fall bankanna var raunávöxtun hlutabréfaeignarinnar reiknuð og sýndi safnið þá 8,5% árlega raunávöxtun yfir tæplega 29 ára tímabil. Þannig liggur fyrir að þrátt fyrir að mikil verðmæti hafi glatast er hlutabréfaeign lífeyrissjóðsins sú eign hans sem bestri ávöxtun hefur skilað á síðustu áratugum. Þá hefur eignastýringardeild sjóðsins tekist einkar vel upp á síðustu tólf árum með því að ná 119% uppsafnaðri ávöxtun á innlend hlutabréf umfram Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á þessu tímabili.

Í árslok 2008 nam hlutabréfaeignin 3,6 milljörðum eða 1,4% af verðbréfaeign samanborið við 56,9 milljarða eða 21,3% af verðbréfaeign í árslok 2007.

Skráð hlutabréf sjóðsins í Kauphöllinni námu 3.626 milljónum en óskráð hlutabréf námu 2 milljónum. Nánari sundurliðun á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum má sjá í ársskýrslunni á bls. 34.

Innlend hlutabréfaeign í árslok

	2008	2007
Eign í milljónum kr.	3.628	56.883
Hlutfall af verðbréfaeign	1,4%	21,3%
Fjöldi félaga	9	18

Hlutabréfaviðskipti 2004 til 2008

Sjóðurinn hefur ávallt beitt virkri eignastýringu á innlendu hlutabréfaeignina, með það að markmiði að innleisa gengishagnað af verðhækkunum hlutabréfa til þess að tryggja sem besta ávöxtun. Til marks um það sýnir taflan að sjóðurinn hefur selt innlend hlutabréf umfram kaup að fjárhæð 4,7 milljarðar á liðnum fimm árum.

Hrein sala hlutabréfa

í milljónum kr.

Ár	Sala	Kaup	Hrein sala
2008	21.166	15.169	5.997
2007	22.821	20.568	2.253
2006	21.012	27.869	-6.857
2005	13.053	12.667	386
2004	10.681	7.756	2.925
Samtals			4.704

Staða sjóðsins í ljósi umbrota í efnahagslífinu

Fjármálakreppan hefur ekki leitt til lækkunar lífeyris og réttinda og er það mat stjórnenda sjóðsins að góðir möguleikar séu á að hægt verði að vinna til baka eignafall sjóðsins á næstu árum. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga lífeyrissjóðsins, sem starfað hefur í liðlega 50 ár, er aðeins tæp 35 ár. Þannig hefur sjóðurinn möguleika til þess að nýta sér kosti hagstæðrar aldurssamsetningar til að hámarka arðsemi hans á komandi árum og áratugum. Hafa þarf í huga að einungis 30% af iðgjöldum ársins eru greidd út í formi lífeyris og því mun lífeyrissjóðurinn halda áfram að vaxa á komandi áratugum. Sjóðurinn hefur sýnt aðra hæstu ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða til margra ára sem hefur gert honum kleift að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga um 21,1% umfram verðlagsbreytingar frá árinu 1997.

Samfara hruni hlutabréfamarkaðarins hefur verðbréfasafn sjóðsins að stórum hluta verið fært í ríkistryggð verðbréf og trygg innlán. Væntanlega mun hlutabréfamarkaðurinn eflast að nýju og hlutfall hlutabréfa mun á komandi árum fara vaxandi í eignasafni sjóðsins enda sá eignaflokkur sem bestri ávöxtun hefur skilað sjóðnum á liðnum áratugum. Í því sambandi er mikilvægt að vel takist til við að endurreisa innlendan hlutabréfamarkað og að dreifing milli atvinnugreina verði jafnari en verið hefur mörg undanfarin ár. Hagstæð aldurssamsetning og lágt lífeyrisgreiðsluhlutfall gerir sjóðnum kleift að horfa til áratuga við ávöxtun eigna.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeignin nam 262.434 milljónum í árslok 2008 samanborið við 266.588 milljónir í árslok 2007. Skuldabréf og bankainnstæður voru 66% af verðbréfaeigninni og innlend hlutabréf og erlend verðbréf samtals 34%. Skuldabréf og bankainnstæður voru hins vegar 47% og innlend hlutabréf og erlend verðbréf samtals 53% af verðbréfaeigninni í árslok 2007.

Verðbréfaeign

í milljónum kr.

	2008	%	2007	%
Bankainnstæður	36.050	13,7	5.957	2,3
Veðskuldabréf sjóðfélaga	39.363	15,0	32.340	12,1
Íbúðabréf	46.403	17,7	36.357	13,7
Húsbréf	5.647	2,2	5.312	2,0
Húsnæðisbréf	1.049	0,4	1.083	0,4
Íbúðalánasjóður	1.113	0,4	1.046	0,4
Önnur bréf með ríkisábyrgð	2.738	1,0	2.234	0,8
Bankar og sparisjóðir	16.865	6,5	17.399	6,5
Fjárfestingalánasjóðir	3.767	1,4	3.248	1,2
Fyrirtæki	14.809	5,6	17.408	6,5
Sveitarfélög	1.554	0,6	988	0,4
Önnur veðskuldabréf	2.141	0,8	1.935	0,7
Innlend hlutabréf	3.628	1,4	56.883	21,3
Erlend verðbréf	87.307	33,3	84.398	31,7
Samtals	262.434	100	266.588	100


Þróun verðbréfaeignar

Vægi innlendra skuldabréfa í safninu jókst verulega á liðnu ári í kjölfar kerfishruns á innlendum hlutabréfmarkaði og aukinnar áherslu sjóðsins á fjárfestingar í skuldabréfum. Taflan sýnir þróun verðbréfaeignar á liðnum árum.


Skipting verðbréfaeignar

	2008	2007	2006	2005	2004
Skuldabréf og innstæður	66%	47%	41%	48%	57%
Innlend hlutabréf	1%	21%	24%	22%	17%
Erlend verðbréf	33%	32%	35%	30%	26%

Skipting verðbréfaeignar



Skipting verðbréfaeignar 2008



Lán til sjóðfélaga

Eftirspurn sjóðfélaga eftir lánum hjá lífeyrissjóðnum var meiri á liðnu ári en árið þar á undan. Sjóðfélögum voru lánaðar alls 5.746 milljónir samanborið við 5.064 milljónir á árinu 2007 sem er 13% hækkun milli ára. Fjöldi afgreiddra sjóðfélagalána var 1.028 lán samanborið við 924 lán árið áður. Samhliða því sem lánað var til sjóðfélaga voru keypt íbúðabréf fyrir 7.222 milljónir. Samtals voru því lánveitingar vegna húsnæðiskaupa einstaklinga 12.968 milljónir eða 34% af fjárfestingum liðins árs.

Afgreidd sjóðfélagalán

í milljónum kr.


	2008	2007	Breyting
Lánað	5.746	5.064	13%
Fjöldi lána	1.028	924	11%
Meðalfjárhæð	5,6	5,5	2%
Hlutfall af fjárfestingum	15,1%	9,1%	

Tegund sjóðfélagalána

	Annuitet lán	Jafnar afborganir	Breytil. vextir
Fjárhæð í mkr.	847	135	4.764
Fjöldi lána	81	29	918
Meðalfjárhæð í mkr.	10,5	4,6	5,2

Afgreidd sjóðfélagalán

í milljónum króna



Fjöldi afgreiddra lána eftir aldri

Aldur	2008	2007
16 – 19	1	0
20 – 29	131	187
30 – 39	312	264
40 – 49	306	235
50 – 59	191	174
60 – 69	64	54
70 – 79	23	10
Samtals	1.028	924

Útistandandi lán

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 39.363 milljónum í árslok eða um 15,0% af heildareignum samanborið við 32.340 milljónir eða um 12,1% af eignum í árslok 2007.

Staða sjóðfélagalána í árslok

í milljónum kr.

	2008	2007	Breyting
Útistandandi lán í mkr.	39.363	32.340	22%
Fjöldi lána	9.955	10.124	-2%
Meðalfjárhæð í mkr.	4,0	3,2	25%
Hlutfall af heildareignum	15,0%	12,1%	

Vanskil sjóðfélagalána

(meira en 3ja mánaða vanskil)

	2008	2007
Vanskil í milljónum	30,3	17,6
Hlutfall af heildarfjárhæð sjóðf.lána	0,08%	0,05%
Fjöldi lána	310	177
Hlutfall af heildarfjölda sjóðf.lána	3,1%	1,7%

Í töflunni má sjá að vanskil sjóðfélagalána í árslok 2008 eru lág eða einungis 0,08% af heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána. Fjöldi lána í vanskilum fer þó vaxandi milli ára en í árslok voru 3,1% lána í vanskilum. Sjóðfélagalánin eru fasteignaveðtryggð.

Úrræði vegna greiðsluferfiðleika

Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sem eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum hjá sjóðnum upp á margvísleg úrræði. Mál hvers og eins eru yfirfarin og metin og leitast er við að aðstoða lántakendur með tilliti til aðstæðna. Þannig er lánum skuldbreytt eftir því sem aðstæður þjódá, þau lengd og boðið upp á að greiða eingöngu vexti í tiltekinn tíma. Ennfremur býðst lántakendum að nýta sér greiðslujöfnun. Ekki er óskað eftir nauðungarsölu á fasteignum fyrr en allar leiðir hafa verið þaulkannaðar.

Eftirtalin úrræði standa sjóðfélögum til boða:

Lánstími lengdur í allt að 40 ár

Lántakendum býðst að lengja lánstímann í 40 ár frá útgáfudegi og lækka þannig greiðslubyrðina. Hafa verður í huga að því fylgir sá ókostur að lánið verður dýrara þegar upp er staðið því vextir og verðbætur reiknast á lánið yfir lengri tíma.

Afborgunarlaust – eingöngu greiddir vextir

Lántakendum býðst að greiða eingöngu vexti og verðbætur á vexti yfir tólf mánaða tímabil og lækka þannig greiðslubyrðina tímabundið með því að fresta greiðslu afborgana. Eftir þann tíma verður greiðslubyrðin hærrí en annars hefði verið þar sem uppsafnaðar afborganir og verðbætur bætast við höfuðstól lánsins.

Láni með jöfnum afborgunum breytt í jafngreiðslulán

Oft er greiðslubyrði lána með jöfnum afborgunum nokkuð þyngri en af jafngreiðslulánum. Ef lán er á fyrsta veðrétti er hægt að lækka greiðslubyrðina með því að óska eftir breytingu á skilmálum láns með jöfnum afborgunum þannig að afborganir miðist við jafnar greiðslur. Hafa þarf þó í huga að jafngreiðslulán eru að endingu dýrari, þ.e. heildargreiðsla vaxta og verðbóta verður hærrí yfir lánstímann þar sem afborgun af höfuðstól lánsins er lægri til að byrja með.

Fjölgun gjalddaga

Fyrir þá sem eru með afborganir sjaldnar en á eins mánaða fresti, getur verið ráðlegt að breyta í mánaðarlegar afborganir. Þannig verður greiðslubyrðin jafnari og minni hætta á að til vanskila komi.

Greiðslujöfnun

Tilgangur greiðslujöfnunar er að létta greiðslubyrðina tímabundið. Greiðslujöfnun felst í því að greiðslujöfnunarvísitala er borin saman við vísitölu neysluverðs. Ef afborganir samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölu reynast lægri en afborganir samkvæmt vísitölu neysluverðs er þeim hluta af afborgunum lánsins sem nemur mismuninum frestað þar til greiðslujöfnunarvísitalan hækkar á ný umfram vísitölu neysluverðs. Sá hluti afborgana sem frestast er færður á jöfnunarreikning sem bætist við höfuðstól lánsins og sem lán taki greiðir síðar á lánstímanum með vöxtum og verðbótum.

Greiðslujöfnun felur ekki í sér eftirgjöf á skuldum heldur er um að ræða frestun afborgana að hluta og þegar til lengri tíma litið hefur hún því í för með sér aukinn heildarkostnað vaxta og verðbóta fyrir lán taka. Því er ekki sjálfgefið að velja greiðslujöfnun þótt hún létti greiðslubyrðina tímabundið.

Skuldbreyting

Skuldbreyting á við ef um veruleg vanskil er að ræða og ólíklegt er að önnur úrræði leysi greiðsluvandann. Skuldbreyting felst í því að uppsöfnuðum vanskilum er bætt við eftirstöðvar lánsins. Möguleiki til að skuldbreyta getur takmarkast af veðrými og samþykki síðari veðhafa.

Tryggingafræðileg staða

Árleg tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins felst í að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2008 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 7,2%. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs. Eignir samanborið við áfallnar skuldbindingar eru neikvæðar um 9,8%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins kallaði því ekki á lækkun réttinda og lífeyris frá síðustu áramótum. Vegna sterkrar stöðu lífeyrissjóðsins fyrir kreppuna og virkrar dreifingar eigna munu lífeyrisgreiðslur og réttindi haldast óbreyttar frá síðustu áramótum.

Tryggingafræðileg staða

í milljónum kr.

Heildarstaða	2008	2007
Eignir	504.264	503.749
Skuldbindingar	543.496	481.297
Samtals	-39.232	22.452
% af skuldbindingum	-7,2%	4,7%

Áfallin staða

Eignir	247.914	271.216
Skuldbindingar	274.783	222.664
Samtals	-26.869	48.552
% af skuldbindingum	-9,8%	21,8%

Nánari sundurliðun tryggingafræðilegrar úttektar miðað við árslok 2008 má sjá í ársskýrslunni á bls. 37.

Þróun ævilengdar

Á Íslandi eins og annars staðar í heiminum er meðalævilengd karla styttri en kvenna. Íslenskir karlar geta nú vænst þess að verða 79,6 ára gamlir en konur 83 ára. Á undanförunum áratugum hefur dregið nokkuð saman með kynjunum. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var um sex ára munur á ævilengd karla og kvenna en er nú einungis 3,4 ár. Svipaða þróun má greina annars staðar í Evrópu. Af Norðurlöndunum utan Íslands er þessi munur á ævilengd kynjanna minnstur í Svíþjóð 4,1 ár og í Noregi 4,5 ár.

Líflíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförunum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig tveimur árum í meðalævilengd og verða nú karla elstir í

heiminum. Fyrir utan Ísland verða evrópskir karlar elstir í Sviss 79,2 ár, Liechtenstein 78,9, Svíþjóð 78,8, Kýpur 78,8 og Noregi 78,2. Styst er meðalævilengd karla í Evrópu í Rússlandi 61,5 ár og í Úkraínu 62,5 ár.

Lengi vel voru líflíkur íslenskra kvenna hæstar í heiminum en þær misstu þann sess á síðasta áratug. Meðal Evrópuþjóða skipa þær sér nú í sjöunda sæti. Elstar evrópskra kvenna verða konur á Spáni og Frakklandi eða 84,4 ára að meðaltali. Konur í Evrópu eru ólíklegastar til að ná háum aldri í Moldavíu 72,4 ár og í Rússlandi 73,9 ár.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Séreignardeild

Markmið séreignardeildarinnar er m.a. að gefa sjóðfélögum kost á að nýta stærðarhagkvæmni lífeyrissjóðsins til þess að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað á hagkvæman hátt. Þannig er rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar með því lágsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,06% af eignum.

Ávöxtun

Hrein ávöxtun séreignardeildarinnar á árinu 2008 var neikvæð um 11,8% sem svarar til 24,2% neikvæðrar raunávöxtunar. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 2,3% og síðustu tíu ára 3,2%. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins sem nú nema um 249 milljörðum.

Ávöxtun

	2008	2007
Hrein nafnávöxtun	-11,8%	7,0%
Hrein raunávöxtun	-24,2%	1,1%
Fimm ára meðalraunávöxtun	2,3%	10,6%
Tíu ára meðalraunávöxtun	3,2%	6,9%
Kostnaður í % af eignum	0,060%	0,054%

Inneignir og fjöldi sjóðfélaga

Iðgjöld til séreignardeildar námu 625 milljónum á árinu 2008 samanborið við 597 milljónir árið áður. Lífeyrsgreiðslurnar voru 180 milljónir en 124 milljónir árið 2007.

Inneignir námu 6.089 milljónum í árslok 2008 en 6.460 árið áður. Alls áttu 40.670 einstaklingar inneignir samanborið við 40.229 í árslok 2007.

Séreignardeildin

í milljónum kr.

	2008	2007	Breyting %
Iðgjöld	625	597	5
Lífeyrsgreiðslur	180	124	45
Inneignir í árslok	6.089	6.460	-6
Fjöldi með inneignir	40.670	40.229	1

Ný innlánsleið

Sjóðfélögum standa nú til boða tvær ávöxtunarleiðir fyrir lífeyrissparnað sinn.

Verðbréfaeið

Verðbréfaeið hefur verið í boði frá árinu 1999. Sparnaður er ávaxtaður í dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa. Áhersla er lögð á góða langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta verið allnokkrar frá einum tíma til annars. Verðbréfaeið er ætluð þeim sem eru að byggja upp lífeyrissparnað sinn til langs tíma.

Innlánsleið

Innlánsleið er ný ávöxtunarleið þar sem sparnaður er ávaxtaður í innlánum banka og sparisjóða. Lögð er áhersla á verðtryggð innlán. Innlánsleið er ætluð þeim sem hafa hafið úttekt lífeyrissparnaðar eða gera ráð fyrir því að hefja úttekt hans innan fárra ára. Ráðlegt getur verið að færa hluta eða allan lífeyrissparnað úr verðbréfaeið yfir í innlánsleið nokkrum árum fyrir áætluð starfslok.

Flutningur milli ávöxtunarleiða

Sjóðfélagar geta með umsókn til sjóðsins skipt um þá ávöxtunarleið sem greitt er til og/eða flutt uppsafnaðan sparnað milli leiða.

Fjárfestingastefna

Fjárfestingastefna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 21. nóvember 2008. Fjárfestingastefnan tekur töluverðum breytum frá fyrra ári í ljósi efnahagshrunsins á Íslandi. Þannig eykst vægi ríkistryggðra skuldabréfa og innlána en vægi innlendra hlutabréfa minnkar. Fjárfestingastefnan er í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða og er yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu.

Fjárfestingastefna

Fjárfestingastefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og á samningi VR og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál.

Sjóðurinn er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna og skal það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins. Fjármagn sjóðsins skal ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins.

Lífeyrisbyrði sjóðsins hefur farið lækkandi frá árinu 1996 er hún var 30,8% en á árinu 2007 var hún 27,1%. Lækkunin skýrist að stórum hluta af hækkun iðgjaldsgreiðsluhlutfalls til sjóðsins en einnig af stöðugri fjölgun sjóðfélaga. Spá um þróun lífeyrisbyrði á næstu árum bendir til þess að hún vaxi hægfara og verði á bilinu 35% til 37% á árinu 2015. Þessi fyrirsjáanlega þróun, með tilliti til réttindaávinnslu hjá lífeyrissjóðnum, mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðslufæði vegna lífeyrisskuldbindinga muni nema liðlega 20% af ráðstöfunarfæði til nýfjárfestinga á árinu 2015. Ofangreind þróun lífeyrisbyrðarinnar og greiðslufæðis lífeyris gerir sjóðnum kleift að beita langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins.

Um B-deild, séreignardeild

Séreignardeild býður upp á tvær ávöxtunarleiðir. Leið 1, verðbréfaeið, fylgir sömu fjárfestingarstefnu og A-deild, sameignardeild. Leið 2, innlánsleið, er ávöxtuð í innlánum viðskiptabanka og sparissjóða með áherslu á verðtryggð innlán. Lífeyrisgreiðslur séreignadeildar eru óverulegar og munu lítið breytast á næstu árum.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Markmið um raunávöxtun annarra eignaflokka en hlutabréfa er 4,0% til 7,0%. Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er Úrvalsvisitala aðallista Nasdaq OMX Íslands. Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI).

Núverandi eignasamsetning og áhrif hennar á fjárfestingastefnuna

Hinn 31.10.2008 var hlutfallsleg eignasamsetning sjóðs-

ins eftirfarandi: Innlán í bönkum og sparissjóðum voru 11,0% eigna, ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs voru 21,8%, skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 0,4%, skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana voru 8,3%, fasteignatryggð skuldabréf voru 15,5%, innlend hlutabréf 3,0% og önnur verðbréf 6,3%. Erlend verðbréf námu 33,7% af heildareignum 31.10.2008. Þar af voru 47% í verðbréfum í USD, 21% í verðbréfum í EUR og 32% í verðbréfum bundnum öðrum myntum sem liggur nærri markmiði sjóðsins um gjaldmiðlasamsetningu sem gerir ráð fyrir að erlendar fjárfestingar sjóðsins taki mið af heimsvísitalu Morgan Stanley. Við gerð fjárfestingastefnunnar hefur verið tekið tillit til undirvogunar hlutabréfa í eignasafni sjóðsins vegna niðursveiflu á erlendum hlutabréfamörkuðum og hruns innlendra bankakerfisins. Stefnan gerir ráð fyrir að hlutfall skuldabréfa í eignasafni sjóðsins verði u.þ.b. 50% til 55%. Innlend hlutabréf verði 5% til 10% og erlend hlutabréf verði 30% til 50%. Gert er ráð fyrir að atvinnugreinaskeyting erlendra fjárfestinga sjóðsins hafi svipt vægi og heimsvísitala Morgan Stanley. Innlent hlutabréfasafn sjóðsins markast af hrúni fjármálakerfisins og eignarhaldsfélaga því tengdu en skuldabréfasafn sjóðsins einkennist af mikilli útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa, að stórum hluta tengdum fjármögnun íbúðalánasjóðs, auk beinna fasteignaveðtryggðra lánveitinga lífeyrissjóðsins til sjóðfélaga.

Viðmið um eignaskiptingu

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins skulu eftirfarandi viðmið notuð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti að hámarki numið:

Innlán í bönkum og sparissjóðum 15%

Innlán banka og sparissjóða skulu alla jafna vera undir 15% af eignum.

Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs 50%

Í vixlum og skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og íbúðabréf.

Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 5%

Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana 20%

Í skuldabréfum og vixlum útgefnum af bönkum og sparissjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingar-

bönkum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna, enda hafi þessar stofnanir trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verðbréf samkvæmt þessum flokki skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf 25%

Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, þ.m.t. sjóðfélagalán. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum, mega ekki fara umfram 75% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir. Þegar um sérhæft atvinnuhúsnæði er að ræða þá skal hámarkið vera 35% af metnu markaðsverði. Veðandlög eru því bæði íbúðarhúsnæði, heilsársbústaðir (lánstími takmarkaður við 15 ár og fjárhæðir við 3 milljónir), lögbýli og atvinnuhúsnæði með þeim takmörkunum sem að ofan greinir.

Hlutabréf 60%

Í hlutabréfum fyrirtækja og skal stefnt að því að 50% til 90% þeirra fjármuna sem bundnir eru í innlendum hlutabréfum séu í félögum sem skráð eru á skipulegum markaði. Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum skulu að hámarki nema 50% af eignum. Eignarhluti sjóðsins í einstökum hlutafélögum takmarkast við 15%. Eignist sjóðurinn hlut í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn skal slík eignaraðild takmarkast við 25%.

Önnur verðbréf 15%

Þegar fjárfest er í skuldabréfum fyrirtækja skulu þau hafa trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð á skipulegum markaði. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem sjóðurinn fjárfestir í skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða sama fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af útgefnum hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sam-eiginlega fjárfestingu.

Afleiðusamningar eru gerðir til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til þess að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins.

Aðrar helstu viðmiðanir við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu

1. Við það skal miðað að sem stærstur hluti af verðbréfum sjóðsins hafi þekkt markaðsverð og sé skráður í kauphöll og dreift eftir atvinnugreinum.
2. Beita skal virkri eignastýringu á kauphallarskráða

verðbréfaflokka, sem nú nema 79% af heildar-eignum, með það að markmiði að tryggja sem besta ávöxtun til lengri tíma liðið, að teknu tilliti til áhættu.

3. Viðmiðunarvísitala fyrir erlend hlutabréf er heims-vísitala Morgan Stanley. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er Úrvals vísitala Nasdaq OMX Íslands.
4. Viðmið um ávöxtun á skuldabréfasafni sjóðs-ins byggir á áhættuálagi á vaxtaferil ríkistryggðra skuldabréfa. Þannig eru breytilegir vextir á lánum til sjóðfélaga ákveðnir með 0,75% álagi á meðal-ávöxtun íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi kaup-hallarinnar. Með tilliti til verðtryggðra langtíma-skuldbindinga sjóðsins er leitast við að halda meðallíftíma skuldabréfasafnsins löngum, en hann er nú 10,8 ár.
5. Lánveitingar til sjóðfélaga miðast við að annað sé eftirspurn eftir slíkum lánum samkvæmt lána-reglum eins og þær eru á hverjum tíma.
6. Fjárfestingar sjóðsins skulu miðast við að kröfur útgefnar af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni eða tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki fari ekki umfram 5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Er þá miðað við samtölu verðbréfa, jafnt hlutabréfa sem skulda-bréfa viðkomandi aðila. Þetta hlutfall má þó vera allt að 10% í heildarkröfum gagnvart einstökum viðskiptabönkum. Þetta á þó ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð.

Við fjárfestingar í hlutabréfum hefur stjórn sjóðsins markað eftirfarandi fjárfestingastefnu til þess að vinna eftir á hlutabréfamarkaði:

1. Fjárfest er í félögum sem eru skráð á skipulegum markaði.
2. Fjárfest er í öðrum hlutafélögum með a.m.k. fimm ára starfsreynslu og hafa samþykktir sem tryggja hömlulaus viðskipti með hlutafé. Þá skulu þau hafa sýnt góða rekstrarafkomu síðustu 2 til 3 ár sem stendur undir arðsemiskröfum sjóðsins.
3. Þátttaka í nýsköpunarverkefnum og áhættufjármögnun fer fram í gegnum félög og sjóði sem hafa slíkar fjárfestingar á stefnuskrá sinni og lífeyris-sjóðurinn hefur gerst hluthafi í.
4. Ekki er fjárfest í félögum ef einn aðili á meirihluta hlutafjár. Þessi regla á þó ekki við um einkavæðingu opinberra fyrirtækja, ríkis eða sveitarfélaga þegar fyrir liggja stefnuyfirlýsingar um sölu á meirihluta hlutafjár í þeim félögum, þó slík sala fari ekki fram í einu lagi.
5. Eignarhlutur í einstökum félögum skal ekki vera hærri en 15% af hlutafé viðkomandi félags.

Hluthafastefna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er langtímafjárfestir sem hefur ásamt góðri arðsemi af hlutabréfaeign sinni það að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Leiðbeinandi reglur SP um ábyrgar fjárfestingar

Lífeyrissjóðurinn varð fyrstur íslenskra stofnanafjárfesta aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna (SP) um ábyrgar fjárfestingar. Gefnar voru út í apríl 2006 sex leiðbeinandi reglur sem voru unnar af fulltrúum 20 stofnanafjárfesta frá 12 löndum og þar á meðal stærstu lífeyrissjóða vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á Umhverfisleg og Félagsleg málefni auk góðra Stjórnarháttanna fyrirtækja (UFS) getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna um leið og hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi geta farið saman.

Með aðild að reglunum mun sjóðurinn á komandi misserum leitast við í samstarfi við aðra þátttakendur að;

- taka tillit til UFS málefna við mat á fjárfestingarkostum,
- vera virkur eigandi hlutabréfa,
- óska eftir að fyrirtæki geri grein fyrir stefnu sinni í málefnum UFS,
- stuðla að framgangi reglna SP hjá fjárvörsluaðilum,
- eiga samstarf um málefnið við aðra stofnanafjárfesta sem aðild eiga að reglunum,
- upplýsa ásamt öðrum þátttakendum um árangur okkar við að hringja reglunum í framkvæmd.

Umhverfismál

Sjóðurinn mun í vaxandi mæli hafa til hliðsjónar við fjárfestingar hvernig fyrirtækin horfa til umhverfisþátta við rekstur sinn þ.e.;

- að fyrirtækin fari að lögum og reglum um umhverfismál,
- að þau leitist við að draga úr umhverfisáhrifum við rekstur,
- og þau geri hluthöfum reglulega grein fyrir stefnu sinni á sviði umhverfismála.

Félagsleg ábyrgð – Mannréttindi

Eftir því sem við verður komið verður horft til þess hvort fyrirtækin virði mannréttindi og eigi ekki aðild að barnaþrælkun. Þau verði við rekstur sinn hvött til að taka tillit til alþjóðlegra sáttmála, t.d. alþjóðasáttmála SP sem samanstendur af tíu grundvallaratriðum sem taka á mannréttindum, vinnumarkaðssamskiptum, félagslegu umhverfi og spillingu.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Sjóðurinn mun horfa til þess við fjárfestingar hvort fyrirtækin fylgi góðum stjórnarháttum við rekstur (t.d. reglum OECD um stjórnarhætti) og gefi upplýsingar þar um í ársskýrslum. Horft verður til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja en frá 1. janúar 2005 ber útgefendum hlutabréfa í Kauphöll Íslands að fylgja leiðbeiningunum eða upplýsa um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Hluthafafundir

Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja auk bættara stjórnarháttanna sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum.

Reglur stjórnsýslulaga

Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda, eftir því sem við getur átt, um meðferð mála og ákvarðanatökur í stjórn sjóðsins í einstökum málum. Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda með sama hætti um þá sem sjóðurinn styður til stjórnarstarfa í einstökum fyrirtækjum.

Af ofangreindu leiðir að stjórnarmenn eða forstjóri taka ekki þátt í umræðum eða ákvörðunum á stjórnarfundum sjóðsins um málefni fyrirtækja þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta sem starfsmenn, eigendur eða stjórnarmenn.

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn VR og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa en þau eru: Kaupmannasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Félag íslenskra stórkaupmanna og Viðskiptaráð Íslands. Fulltrúar atvinnurekenda og VR hafi á hendi formennsku til skiptis þrjú ár í senn. Eftirtaldir voru tilnefndir í stjórn sjóðsins frá 1. mars 2007 til 28. febrúar 2010:

Gunnar P. Pálsson formaður
Helgi Magnússon varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Hrund Rudolfsdóttir
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Margrét Kristmannsdóttir

Margrét Kristmannsdóttir, sem var tilnefnd af Félagi íslenskra stórkaupmanna, hætti í stjórninni í árslok 2008 og tók Bogi P. Siguroddsson sæti hennar í stjórn.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu hans undirritaðri af þeim samtökum sem að sjóðnum standa og staðfestri af fjármálaráðuneytinu. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, mótun fjárfestinga- og hluthafastefnu, mótun innra eftirlits, lánareglur, fjárhagsáætlanir og kynningarmál. Á liðnu ári kom stjórnin þrettán sinnum saman til fundar og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 1.011 stjórnarfundir.



Stjórn ásamt forstjóra

Standandi frá vinstri Þorgeir Eyjólfsson forstjóri, Benedikt Kristjánsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson og Bogi P. Siguroddsson.

Sitjandi frá vinstri Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Helgi Magnússon varaformaður, Gunnar P. Pálsson formaður og Hrund Rudolfsdóttir.

Starfsmenn

Hjá sjóðnum starfa tuttugu og níu starfsmenn, þar af einn í hlutastarfi. Stöðugildi á árinu 2008 voru 28,6 samanborið við 27,5 á árinu 2007. Meðalstarfsaldur hjá sjóðnum er liðlega tíu ár.



Aftari röð frá vinstri

Haraldur Arason	deildarstjóri tölvudeildar
Guðrún Rakel Viðarsdóttir	iðgjaldamál, netskil
Tómas N. Möller	iögfræðingur
Ari B. Sigurðsson	tölvumál
Ásta Björk Long	iðgjaldamál, netskil
Valgarður Sverrisson	skrifstofustjóri
Hólmfríður Ólafsdóttir	gjaldkeri
Guðmundur Þór Þórhallsson	forstöðumaður eignastýringar
Margrét Kristinsdóttir	deildarstjóri lífeyrisdeildar
Þór Egilsson	deildarstjóri innheimta/séreign
Bjarnfríður Elín Karlsdóttir	iðgjaldamál, netskil
Gunnlaugur Briem	eignastýring
Alda Sif Jóhannsdóttir	bókhald
Ragnheiður Valtýsdóttir	deildarstjóri þjónustuvers
Porgeir Eyjólfsson	forstjóri

Starfssvið

Fremri röð frá vinstri

Regína Jónsdóttir	lánbeiðnir sjóðfélaga
Anna Kristín Fenger	innheimta iðgjalda
Kolbrún Sigurlaug Harðardóttir	þjónustuver
Halldís Hallsdóttir	þjónustuver
Helen Guðmundsdóttir	skjalavarsla, kaffistofa
Sólveig Arnþrúður Skúladóttir	innheimta iðgjalda
Puríður Kristín Heiðarsdóttir	lífeyrismál, ritari forstjóra
Ragnhildur Heiðberg	innheimta lána
Brynja Hauksdóttir	deildarstjóri lánadeildar

Á myndina vantar

Eyrúnu Björnsdóttur	þjónustuver
Helgu Árnadóttur	innheimta iðgjalda
Hörpu Ingólfssdóttur	eignastýring
Kristínu Gísladóttur	lánbeiðnir sjóðfélaga
Ólaf Hrafn Nielsen	tölvumál

Ársreikningur **2008**

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar nr. 1 – 17, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 sem fjallar um mat og framsetningu skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlavarnarsamningum. Óvissa er um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna.

Reykjavík 20. febrúar 2009.

PricewaterhouseCoopers hf.


Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi


Reynir Vignir
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2008

Fjöldi sjóðfélaga, fyrirtækja og iðgjöld

Á árinu 2008 greiddu 51.325 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 33.120, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. 7.234 fyrirtæki greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur námu 17.100 mkr. sem er hækkun um 8,1% frá fyrra ári.

Lánveitingar og verðbréfavíðskipti

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 38.069 mkr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Sjóðfélögum voru lánaðar 5.912 mkr. og keypt voru skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 7.221 mkr. Lánveitingar til stofnlánasjóða og önnur fasteignaveðtryggð skuldabréf námu 30 mkr. Kaup á markaðsverðbréfum banka og sparisjóða námu 2.090 mkr., fyrirtækja 348 mkr. og sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga 949 mkr. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 2.968 mkr. Kaup innlendra hlutabréfa námu 15.170 mkr. og sala 21.166 mkr. Kaup erlendra verðbréfa námu 6.349 mkr. og sala 19.923 mkr.

Lífeyrisgreiðslur, ráðstöfunarfé og hrein eign til greiðslu lífeyris

Á árinu 2008 nutu 8.662 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 4.836 mkr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 6,9% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkðu um 17,2%. Ráðstöfunarfé á árinu 2008 var 68.208 mkr. og nemur aukningin 13,7% frá fyrra ári. Sjóðurinn skiptist í sameignardeild og séreignardeild. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris nam 242.672 mkr. í árslok samanborið við 262.609 mkr. árið áður. Inneignir séreignardeildar námu 6.089 mkr. samanborið við 6.460 mkr. árið áður. Samanlagðar eignir sameignar- og séreignardeildar námu 248.761 mkr. en 269.069 mkr. í árslok 2007.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 221 mkr. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 151 mkr. sem er 0,92% í hlutfalli af iðgjöldum samanborið við 0,88% árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum var 0,06% samanborið við 0,05% árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu var 28,6 og nam heildarfjárhæð launa 241,4 mkr. og launatengd gjöld 47,2 mkr.

Ávöxtun

Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,7% sem samsvarar 24,1% neikvæðri raunávöxtun samanborið við 1,1% raunávöxtun á árinu 2007. Hrein ávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var neikvæð um 11,8% sem samsvarar 24,2% neikvæðri raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 2,3% og síðustu 10 ára 3,2%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2008 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 7,2%. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Eignir samanborið við áfallnar skuldbindingar eru neikvæðar um 9,8%. Réttindi og lífeyrisgreiðslur haldast óbreyttar frá síðustu áramótum.

Upplýsingastarf

Sjóðurinn sendir sjóðfélögum hálfárslega, í mars og september, yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum. Sjóðurinn birtir í ársbyrjun hvers árs auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningum fyrir liðið ár ásamt upplýsingum um lífeyrisrétt. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingastefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemi, iðgjald, lífeyrisrétt, lánareglur og sjóðfélagabréf.


Áhrif erfiðleika á fjármálamarkaði

Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á afkomu lífeyrissjóðsins. Fall viðskiptabankanna í október 2008 og óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni og afskriftir vegna innlendarar hlutabréfaeignar sjóðsins. Í skýringum í ársreikningi er greint frá áhrifum þess. Jafnframt er í skýringum greint frá óvissu í mati á fjárfestingum og stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga.

Eftir lok reikningsársins hafa erlendir hlutabréfamarkaðir haldið áfram að lækka auk þess sem styrking íslensku krónunnar hefur haft neikvæð áhrif á afkomuna það sem af er árinu.

Reykjavík 20. febrúar 2009.


Stjórn



Gunnar P. Pálsson
stjórnarformaður




Helgi Magnússon
varaformaður




Bogi P. Siguroddsson



Hrunn Rudolfsdóttir



Jóhanna E. Vilhelmsdóttir



Ingibjörg R. Guðmundsdóttir



Benedikt Vilhjálmsson



Benedikt Kjartansson

Forstjóri



Þorgeir Eyjólfsson

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld			
Sjóðfélagar		5.726.828	5.344.072
Launagreiðendur		11.114.490	10.294.744
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		258.384	179.312
	<i>Iðgjöld</i>	<u>17.099.702</u>	<u>15.818.128</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	6	5.016.144	4.250.610
Umsjónarnefnd eftirlauna		(1.427)	(1.673)
Kostnaður vegna örorkumats		6.770	7.782
	<i>Lífeyrir</i>	<u>5.021.487</u>	<u>4.256.719</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	7	(43.519.256)	2.818.442
(Gjöld) tekjur af húseignum og lóðum		(1.883)	1.725
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	8	21.404.580	14.711.697
Gjaldfærð niðurfærsla skuldabréfa	11	(9.877.647)	(18.401)
	<i>Fjárfestingartekjur</i>	<u>(31.994.206)</u>	<u>17.513.463</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		241.146	221.211
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		220.731	203.215
Aðrar tekjur	9	69.485	70.016
(Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu		(20.308.383)	28.720.462
Hrein eign frá fyrra ári		<u>269.069.350</u>	<u>240.348.888</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>248.760.967</u>	<u>269.069.350</u>

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

<i>Eignir</i>	Skýr.	2008	2007
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	13	267.643	280.724
Verðbréf með breytilegum tekjum	12	90.934.986	141.281.144
Verðbréf með föstum tekjum	11	93.303.813	84.349.729
Veðlán	11	42.144.667	34.999.154
Bankainnistæður		456.765	0
	<i>Fjárfestingar</i>	<u>227.107.874</u>	<u>260.910.751</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	5	1.884.500	1.748.000
Aðrar kröfur		125.729	706.321
	<i>Kröfur</i>	<u>2.010.229</u>	<u>2.454.321</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	13	73.316	46.144
Sjóður og veltiinnlán		35.593.403	5.957.654
	<i>Aðrar eignir</i>	<u>35.666.719</u>	<u>6.003.798</u>
Eignir samtals		264.784.822	269.368.870
Skuldir			
Skuldir vegna gjaldmiðlavarnarsamninga	14	15.674.409	0
Aðrar skammtímaskuldir		349.446	299.520
	<i>Skuldir</i>	<u>16.023.855</u>	<u>299.520</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>248.760.967</u>	<u>269.069.350</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign sameignardeildar		242.671.542	262.609.402
Hrein eign séreignardeildar	4,10	6.089.425	6.459.948
		<u>248.760.967</u>	<u>269.069.350</u>
Aðrar upplýsingar	15,16		
Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum	17		

Sjóðstreymi árið 2008

	2008	2007
Inngreiðslur		
Iðgjöld	16.076.108	14.729.801
Iðgjöld í séreignardeild	625.348	597.425
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	258.384	179.312
Fjárfestingartekjur	7.125.941	14.039.120
Afborganir verðbréfa	6.217.629	5.397.620
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	41.088.751	28.023.885
Seld verðbréf með föstum tekjum	2.144.760	1.566.667
Aðrar inngreiðslur	216.339	188.933
	<u>73.753.260</u>	<u>64.722.764</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	4.841.166	4.132.296
Lífeyrir úr séreignardeild	180.321	124.423
Fjárfestingargjöld	229.340	209.867
Rekstrarkostnaður án afskrifta	209.925	192.794
Aðrar útgreiðslur	84.049	67.561
	<u>5.544.801</u>	<u>4.726.940</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	68.208.459	59.995.824
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	21.518.493	31.885.314
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	10.608.741	18.496.866
Ný veðlán og útlán	5.942.244	5.216.916
Skammtímainnlán	456.765	0
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	46.467	5.129
	<u>38.572.710</u>	<u>55.604.224</u>
Hækkun á handbæru fé	29.635.749	4.391.600
Handbært fé í ársbyrjun	5.957.654	1.566.054
Handbært fé í árslok	<u>35.593.403</u>	<u>5.957.654</u>

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

Fasteignir og rekstrarfjármunir

2. Fasteignir og aðrir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Fasteignir eru afskrifaðar um 2-4% og aðrir rekstrarfjármunir um 5-20% á ári.

Fjárfestingar

3. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Erend verðbréf sjóðsins sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum eru eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í árslok. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í árslok. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í árslok eða matsverði ef það er lægra, en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra. Eignir í áhættufjármagnssjóðum eru færðar á gangverði.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Höfuðstólstryggð skuldabréf sem taka mið af hækkun erlendra hlutabréfavisitalna eru færð á hæsta tryggða vísitölugildi.

